



Breyting á úthlutunarreglum hverfissjóðs

Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 22. ágúst 2024: Drög að breytingum á úthlutunarreglum hverfissjóðs

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa telur mikilvægt að breyta nokkrum ákvæðum úthlutunarreglna hverfissjóðs til að auka skilvirkni og gagnsæi við úthlutun úr sjóðnum.

Í 13. gr. úthlutunarreglna sjóðsins kemur fram að hafi styrkur ekki verið sóttur innan árs falli hann niður. Þessi regla hefur aftur á móti lítið vægi þar sem fjármálaskrifstofa Reykjavíkur lokar fjárhagsárinu um miðjan janúar ár hvert og ekki er hægt að greiða út styrki eftir það. Til að bregðast við þessu hefur skrifstofan sett ákvæði inn í samninga um styrkveitingar þess efnis að styrkir verði ekki greiddir hafi styrkþegi ekki skrifað undir samninginn fyrir 10. janúar ár hvert. Skrifstofan reynir jafnframt að greiða styrki eins hratt og örugglega og hægt er. Til að tryggja að styrkþegar séu meðvitaðir um að gengið sé frá úthlutun um leið og ákvörðun um styrkveitingu liggur fyrir er lagt til að 13. gr. úthlutunarreglna sjóðsins verði breytt.

Núverandi 13. gr. úthlutunarreglna hverfissjóðs:

„styrkir úr sjóðnum eru greiddir út þegar samningar hafa verið undirritaðir. Endurgreiða skal veitta styrki þegar fyrir liggur að þeim hefur ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir/verkefni, innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru við úthlutun eða, í þeim tilvikum sem það er ótilgreint, innan tveggja ára frá styrkveitingu. **Hafi styrkur ekki verið sóttur innan árs frá úthlutun fellur hann niður.**“

Ný 13. gr. mun hljóða svona:

„styrkir úr sjóðnum eru greiddir út þegar samningar hafa verið undirritaðir. Endurgreiða skal veitta styrki þegar fyrir liggur að þeim hefur ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir/verkefni, innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru við úthlutun eða, í þeim tilvikum sem það er ótilgreint, innan tveggja ára frá styrkveitingu. **Styrkþegi ber ábyrgð á að veita Reykjavíkurborg réttar upplýsingar um kennitölu og bankareikning í styrkumsókn svo að hægt sé að greiða styrkinn. Hafi samningur um úthlutun ekki verið undirritaður innan 14 daga frá því að hann barst styrkþega áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að fella styrkinn niður.**“

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu berast reglulega fyrirspurnir frá styrkþegum sem hafa ekki náð að framkvæma verkefni sem hlutu styrk úr sjóðnum innan tímaáætlunar



en hafa áhuga á að skipuleggja ný verkefni í stað þess að endurgreiða styrkinn. Mikið bar á þessum fyrirspurnum meðan að á Covid-19 heimsfaraldrinum stóð. Komu þá jafnvel upp tilfelli þar sem styrkþegar óskuðu eftir að breyta verkefnum verulega til að hægt væri að framkvæma þau þrátt fyrir samkomutakmarkanir. Þessar beiðnir voru lagðar fyrir íbúaráðin ásamt umsögn frá skrifstofunni. Nú þegar samkomutakmarkanir trufla ekki lengur hátíðarhöld eða aðra viðburði þar sem fólk kemur saman er mikilvægt að endurskoða verklagið varðandi slíkar beiðnir. Ný grein í úthlutunarreglum sjóðsins heimilar styrkþegum að leggja fram beiðni um að fresta framkvæmd verkefnis svo framarlega sem að verkefnalýsing hafi ekki breyst verulega.

Mun ný grein hljóða svona:

„Styrkþegar sem ekki hafa framkvæmt verkefni innan þeirra tímamarka sem ákveðin voru við styrkúthlutun geta lagt nýja tímaáætlun fyrir íbúaráðið til samþykktar. Aðeins verkefni sem til stendur að framkvæma í samræmi við styrkumsókn verða lögð fyrir íbúaráðin á grundvelli þessarar greinar.“

Óskað er því eftir að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð samþykki breytingar á ákvæðum í 13. gr. og að auki nýja grein í úthlutunarreglum um hverfissjóð Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,

Guðrún Elsa Tryggvadóttir

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Úthlutunarreglur um Hverfissjóð Reykjavíkurborgar samþykkt 8. desember 2022



Reykjavík